

4. gr.

Liður 9.2.4. orðist svo:

Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan eins árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 210,00.

5. gr.

Liður 9.2.5. orðist svo:

Gjöld skv. þessum kafla skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar er reglugerð þessi öðlast gildi og skulu breytast eftir henni. Ber í því efni að miða við meðalvísitölu ársins á undan.

6. gr.

Liður 9.2.6. orðist svo:

Byggingarfulltrúi innheimtir öll gjöld samkvæmt þessum kafla. Skulu leyfi eigi veitt fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd. Öll gjöld skv. þessum kafla má innheimta með lögtaki.

Reglugerð þessi sem selt er samkvæmt VII. kafla byggingarlaga nr. 54/1978 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. október 1982 er framleiðsla eftirtalinnna forskriftarlyfja og lyfja framleiddra skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Capsulae indometacini 25 mg
Tablettae folicae 5 mg NORD
Tablettae natrii bicarbonatis 500 mg NORD
Tablettae prednisoloni 5 mg NORD
Tablettae theophyllamini 100 mg DAK

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. mars 1983.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.